



Til upplýsinga

Tölvupóstur frá RARIK 04.02.2026

Heil og sæl,

Þar sem Langesbyggð á hluta í jörðinni Nýjabæ þá sendi ég ykkur þennan póst til upplýsinga.

Rarik vinnur að undirbúningi að strenglagningu milli Vopnafjarðar og Þórshafnar.


Verkefnið er partur af stærra verkefni sem snýst um að auka afhendingargetu og afhendingaröryggi raforku í landshlutanum og um leið skapa forsendur fyrir aukinni atvinnuuppbyggingu og jákvæðri byggðaðþróun á svæðinu. Sjá nánari upplýsingar [hér](#)

Heildar strengleiðin er u.þ.b. 67 km. Lagður verður háspennustrengur, 33 kV. sem verður plægður í jörð. Stefnt er á að hefja framkvæmdir í sumar, 2026. Með fyrirvara um leyfisveitingar, efnisöflun o.fl.

Gert er ráð fyrir að strenglagnin fari í gegnum landið þitt/ykkar, sjá mynd af áætlaðri strengleið hér fyrir neðan. Við höfum því miður ekki nákvæmar upplýsingar um landamerki hvernar jarðar og kann teikningin að vera ónákvæm að því leyti.

Við leggjum áherslu á að hér er um grunnhönnun að ræða sem gæti tekið breytingum. Vakin er athygli á því að ekki er búið að fornleifaskoða leiðina, það verður gert um leið og hægt er. Strengleiðin gæti því breyst samkvæmt því en landeigendur verða upplýstir um það í ferlinu.

Við óskum eftir ábendingum landeigenda um hvað betur má fara, hvar lagnir er að finna á jörðinni o.þ.h.





Ef engar athugasemdir berast mun starfsmaður senda staðlað samkomulag í tölvupósti og síðan hafa samband þegar kemur að undirskrift samkomulags, hún fer fram með rafrænum hætti. Til þess að rafrænar undirskriftir geti farið fram þarf Rarik upplýsingar, netföng og gsm símanúmer landeigenda.

Ef þú hefur einhverjar spurningar um verkefnið þá ekki hika við að hafa samband.

Það er von okkar að fyrirtækið, íbúar og landeigendur geti átt gott samstarf hér eftir sem hingað til enda er það ein af frumforsendum verkefnisins.

Með bestu kveðju,

Guðrún Ólafía

Guðrún Ólafía Brynleifsdóttir

Verkefnaumsjón nýlagna | Project Supervisor
Nýlagnir | Installations

+354 528 9000 || www.rarik.is



[Fyrirvari / Disclaimer](#)